



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Vélvirki

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Industrial mechanic

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir uppbyggingu aflvéla, aflrásna og stoðkerfa og metur ástand þeirra. Setur upp og prófar öryggiskerfi, viðheldur þeim, mælir og gerir við.
- velur málmsmíðaeefni út frá eiginleikum, notkun og hagkvæmni, vinnur samkvæmt teikningum og smíðar með handverkfærum og málmsmíðavélum.
- kverksýður með pinna MAG og TIG í járn og stál og MIG og TIG í ál. Þekkir vinnsluhætti ljósbogasuðu, öryggisráðstafanir, suðurferilsbreytur og suðu á ryðfríu stáli og áli. Þekkir hæfnivottun málmstuðumanna. Hefur vald á lóðningu, silfurkveikingu og slaglóðun. Annast umhirðu málmstuðvéla og aðfanga
- les lagnateikningar og setur upp lagnakerfi, prófar og metur frágang
- þekkir samspil vökva-, loft- og rafknúinna stýrikerfa í vélasamstæðum sem nýta öll kerfin jafnhendis. Setur upp og viðheldur vökva-, loft- og rafknúnum stýrikerfum
- setur upp og viðheldur flutningskerfum s.s. færíböndum, þrýstilofskerfum, efnislyftum, hráefnisdælum og fólkslyftum
- gengur frá samskeytum að lokinni suðu, þekkir verklag við for- og eftirhitun og spennumyndun
- fer eftir öryggiskröfum s.s. um raflagnir og búnað, þrýstihylki og gaslagnir. Setur öryggisreglur og fer eftir reglum um meðferð spilliefna og úrgangs.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Vélvirki annast uppsetningu og viðhald á hvers konar vél- og tækibúnaði og flutningakerfum í skipum, vinnslustöðvum, vinnuvélum, verksmíðjum, orkuverum og orkuveitum. Skipuleggur fyrirbyggjandi viðhald og fylgist með ástandi vélbúnaðar. Hann starfar í framleiðslu- og byggingafyrirtækjum og skipasmíðastöðvum. Rétt til starfa í vélvirkjun eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í vélvirkjun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími eru fjögur ár, nám í skóla í sex annir, að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 60 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
